



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Vigdísar Finnbogadóttur  
1. janúar 1984

Góðir Íslendingar.

Ég óska öllum landsmönnum gleðilegs árs.

*Þjóð má aldrei gleyma fortíð sinni.* Með hækkandi sól á því ári sem nú fer í hönd horfum við til þess að halda upp á merkilegt þjóðarafmæli. Um þetta leyti fyrir réttum fjórtíu árum, árið 1944, dró til mikilla tíðinda á Íslandi. Hafist var handa um undirbúning lýðveldistöku. Ríkisstjórn Íslands lagði fram á Alþingi tillögu um sambands slit við konungsríkið Danmörku og jafnframt var lögð fram lýðveldisstjórnarskrá þjóðar okkar. Í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór um málið 20.-23. maí varð mesta kjörsókn sem um getur á Íslandi. 98,6% atkvæðisbærra manna gengu að kjörborðinu til að láta í ljós vilja sinn og 99½% greiddu atkvæði með fullum skilnaði við Danmörku. Ákveðið var að lýðveldið skyldi stofnað á hinum fornhelga stað Íslendinga á Þingvöllum 17. júní það ár, á afmælisdegi Jóns Sigurðssonar, forseta Hins íslenska bókmenntafélags og frelsishetju Íslendinga á 19. öld. Hann var ávallt nefndur Jón forseti. Mestan hluta ævi sinnar bjó hann í Kaupmannahöfn, þar sem hann barðist fyrir sjálfstæði Íslendinga og brýndi nokkuð sinnulausa landa sína til dáða í hvatningargreinum sem hann sendi heim til Íslands í tímariti sínu Nýjum Félagsritum.

„Bjartasti dagur í sögu þjóðar vorrar í mörg hundruð ár er upp runninn. Fagnaðaralda fer um alla þjóðina frá innstu afdölum og fram á annes.“

Hjá hvorugum þessara einörðu ættjarðarvina var það ofmælt. Um það ber vott einhuga vilji Íslendinga til að ráða málum sínum sjálfir með eigin lýðveldi. Gæði lýðveldis okkar og sjálfstæðis eru svo augljós að á þau verður æ og aftur að minnast. Einnig tildraganda þess hvernig við öðlumst þau. *Því engin þjóð má gleyma fortíð sinni.* Af fortíðinni má draga mikinn lærdóm til aukinnar visku og allar þjóðir eru hverju sinni niðurstaða þess sem á undan er gengið í sögu þeirra.

Það er mikið ævintýri hvernig íslensk þjóð hefur vaxið og dafnað á fjórum áratugum. Þegar lýðveldið var stofnað voru Íslendingar rétt 126 þúsund en eru nú rúmlega 238 þúsund. Þeim hefur fjölgað um 112 þúsund manns, sem ganga jafnt og þétt til liðs við að reka þjóðarbúið eftir því sem tíminn rennur sitt skeið. Og fjölgar enn til farsældar. Á fjórtíu árum höfum við orðið vitni að vaxandi hagsæld og velmegun, stórir byggðakjarnar hafa risið um allt land, virkjanir og verksmiðjur hafa verið reistar, húsakostur og tæknivæðing í sveitum er til þeirrar fyrirmyndar að athygli vekur. Við höfum eignast flota og fiskiver, iðnaður hefur blómgastr. Síðast en ekki síst ber að minnast þess sem hefur áunnist við að græða sjálft landið.

Aldrei megum við tapa sýn af því mikilvæga samstarfi þegnanna í vantrú á að hvergi sé neitt jákvætt í sjónmáli. Okkur ber alla tíð að nota hvert eitt aukahandarvik

til að hlúa að þessu gjöfula landi. Allt sem gróðursett er og gert af bjartsýni og trú á landið kemur til góða þegar fram líða stundir.

Öll þau ár sem upplýstur hugur og gjörv hönd hafa starfað saman í þessu landi höfum við lagst á eitt um að gera landið byggilegra og líf fólksins sem í því býr svo *viðunanlegt* sem raun ber vitni. Þrekvirki okkar hefur verið að gera hér allt úr garði sem hér byggju milljónir en ekki 240 þúsund manns er standa hér undir sjálfstæðum þjóðarbúskap. Við eigum allt Íslendingar, sem velmegunarþjóðir erlendis hafa skapað sér – ef ekki nokkuð meira. Fámenni okkar gerir það að við þekkjum svo til öll hvert til annars, vitum um ættir hvers annars og vitum um kjör nágrannans. Kjör okkar allra sem heildar er okkur sameiginlegt hagsmunamál. Við búum við þau gæði umfram flestar þjóðir, að samstaða okkar er slík að á Íslandi fær helst enginn að deyja einn, né heldur að fæðast til þjóðfélagsins aleinn og umkomulaus. Við erum stundum ósköp gleymín á þennan munað, sem þó gerir okkur að þeirri þjóð sem við erum á líðandi stundu.

Til þessa nýja árs göngum við nú fram með eigur okkar og menningu í handraðanum. Með íslenska menningu okkar í veganesti ásamt nokkrum veraldarauði, leggjum við á nýjan bratta. Við erum í þessu landi sérhver einstaklingur arftaki alls þess sem unnið hefur verið til að skapa þjóðarheild; við eldri höfum lagt þar hönd á plóg; þeir sem yngri eru grípi handtakið og rétti það æ nýjum þjóðfélagsþegnum. Þetta handtak er ávallt gefið með trú á framtíðina. Annars væri það ekki til.

Mér hefur innanlands sem utan orðið tíðrætt um menningu Íslendinga og reynt að vekja á henni athygli. En svo má lengi hrópa eitt orð að menn hætti að heyra, nema þeim sé því ljósara inntak þess. Menning er dregið af orðinu maður og táknaframlag mannsins til allra þátta samfélagsins, þróunar þess og uppbyggingar. Sérhver þjóð í heimi á sér sína menningu sem er að hluta til erfikennningar um hvernig menn fortíðar hafa lifað og unnið. Það er fyrir íslenska tungu, sameiningartákn þjóðar okkar að við þekkjum sögu forfeðra okkar og líf.

*Orðið er dýrmætt.* Hvenær sem við látum í okkur heyra flytjum við hugsun okkar út og metnaður okkar er að hún sé sem jákvæðust. Mikil svartsýni slævir hugann, skapar vonleysi og brýtur niður baráttuþrek. Þótt við séum fámenn á mælikvarða stórþjóða og land okkar lítið mælt við hin stóru meginlandssvæði getur jákvæð rödd okkar vegið þungt.

Það er hlustað á okkur Íslendinga í heiminum ef við trúum á það sem við erum að segja. Orð okkar verða varðveitt. Til þess verndum við hið ritaða mál okkar og aðal þess bókina.

„Róið Íslendingar – nú er lag –“ sagði Jón Sigurðsson, þegar hann sendi löndum sínum boð fyrir hundrað árum um að vel mætti í þeim heyrast í þeirra eigin sjálfstæðisbaráttu. Honum og þeim sem hann blés þá anda í brjóst eigum við að þakka hver við erum.

Róið nú Íslendingar til að halda giftu okkar í samstöðu þótt gefi á bátinn. Róið nú ennfremur í samfélagi þjóða til að mál okkar heyrast um víða veröld til austurs sem til vesturs. Boðskapur okkar til heimsins hlýtur að vera friðarboðskapur. Við Íslendingar erum stolt þjóð. Við vitum að við ráðum okkur sjálf, og fáum ráðið við okkar mál, ef við fáum aðeins að ganga til leiks í samfélagi þjóðanna með tryggingu fyrir heimsfriði. Þá verður okkur lífið enn betra þegar fram líða stundir á eylandi okkar norður í höfum, sem okkur hefur tekist að virkja til að hýsa betra mannlíf en nokkru sinni áður hefur þekkt í þessu landi.

Við þessi áramót beini ég enn máli mínu til unga fólksins. Ég bið það gæta vel lífs síns. Í því felst von okkar og framtíð. Allt sem gert er í trássi við lög og reglur

samfélagsins getur dregið á eftir langan slóða óhamingju. Gætið að heilsu og umfram allt varist vágesti sem spilla henni. Þjóð okkar má engan einstakling missa um aldur fram. Það á að rækta það sem búið er að sá til, leggja vinnu í að viðhalda því og ekki kasta neinu á glæ.

Það er ósk mín okkur Íslendingum til handa að við megum minnst 40 ára afmælis lýðveldis á Íslandi í sátt við okkur sjálf og sem fyrirmynd friðarvilja öðrum þjóðum til eftirbreytni.

Þar ofan á skaðar ekki að bæta þeirri hlýju sem býr með okkur öllum, því þegar til kastanna kemur vill ekkert okkar viljandi illt öðrum gera.

Gleðilegt nýtt ár!